

Lækkum kostnað heimilanna
án þess að minnka gæðin

allt í matinn á einum stað
Nettó Akureyri - Akranesi - Mjódd - Salahlverfi Kópavogi

nettó



Fréttabréf LINDASÓKNAR

AÐVENTA OG JÓL Í LINDASÓKN 2004

05. DES. ANNAR SUNNUDAGUR Í AÐVENTU.

kl. 11:00 Fjölskylduguðsþjónusta í Lindaskóla
Við kveikjum tveimur kertum á... og hugsum um barnið í jötunni. Sýnt verður brúðuleikritið Pönnukakan hennar Grylu.

kl. 17:00 Aðventukvöldvaka Kórs Lindakirkju,
Glersalurinn. Aðgangur ókeypis.

12. DES. ÞRIÐJI SUNNUDAGUR Í AÐVENTU.

kl. 11:00 Guðsþjónusta og sunnudagaskóli
í Lindaskóla

Við kveikjum þremur kertum á... og undirbúum okkur fyrir hátíð barnsins.

19. DES. FJÓRÐI SUNNUDAGUR Í AÐVENTU.

kl. 11:00 Jólasöngvar í Lindaskóla

Við kveikjum fjórum kertum á... og syngjum um jólin.

24. DES. AÐFANGADAGUR JÓLA.

kl. 16:00 Jólástund fjölskyldunnar í Lindaskóla
Jólástund fjölskyldunnar er hátíðleg og fjörug stund sem hentar ungum fjölskyldum og stálpuðum börnum sem bíða í ofvæni eftir að klukkan verði sex. Sýnt verður leikritið Síðasta stráið. Kór Salaskóla syngur Börnin fá svolitinn jólaglaðning í lok stundarinnar.

kl. 18:00 Aftansöngur í Lindaskóla

Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson þjónar. Kór Lindakirkju syngur undir stjórn Hannesar Baldurssonar organista.

25. DES. JÓLADAGUR.

kl. 11:00 Hátíðarmessa í Lindaskóla

Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson sóknarprestur þjónar fyrir altari. Sr. Sigurjón Árni Eyjólfsson prédikar. Kór Lindakirkju syngur undir stjórn Hannesar Baldurssonar organista.



MYND ÚR BÓKINNI SÍÐASTA STRÁIÐ. LEIKRITID VERÐUR SÝNT Á AÐFANGADAG.

AÐVENTUTÓNLEIKAR KÓRS LINDAKIRKJU Í Glersalnum sunnudaginn 5. desember kl. 17:00

Upplifum sanna jólstemningu og fallegan söng í notalegu umhverfi. Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis.

Fréttabréf Lindasóknar

Ábyrgðarmaður: Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson.

Safnaðarheimili Lindasóknar, Uppsölum 3, sími 544 4477

netfang: lindakirkja@lindakirkja.is

Viðtalstími sóknarprests: Þriðjudaga og miðvikudaga kl. 12:30-13:30 eða eftir samkomulagi.



2. SUNNUDAGUR Í AÐVENTU

Pönnukakan hennar Grýlu

Annan sunnudag í aðventu, 5. desember verður haldin fjölskylduguðspjónusta í Lindaskóla kl. 11:00.


Þar verður m.a. sýnt brúðuleikritið Pönnukakan hennar Grýlu í flutningi Bernd Ogradnik. Sagan segir frá hugvitssamri pönnuköku sem nær að flýja steikarpönnu Grýlu með það fyrir augum að ferðast til Jesúbarnsins í Betlehem. En á veginum verða ýmsir sem vilja sinn skerf af pönnukökunni.



JÓLASTUND FJÖLSKYLDUNNAR

Kl. 16 á Aðfangadag, Síðasta stráíð og kór Salaskóla

Á aðfangadag bíða mörg börn eftirvæntingarfull eftir að jólin gangi í garð. Að venju verður jólastund fjölskyldunnar haldin á vegum Lindasóknar í Lindaskóla kl. 16 á aðfangadag og er þessi stund þegar orðin að hefð í sumum fjölskyldum. Að þessu sinni verður sýnt jólaleikritið Síðasta stráíð í flutningi Eggerts Kaaber leikara, auk þess sem Kór Salaskóla syngur. Í lok stundarinnar fá börnin jólaglaðning með sér heim.



SKÍRNIR

Svava Rún var skírð heima í Fensölum 12, 8. apríl síðastliðinn. Hún er dóttir Lilju Víglundsdóttur og Snorra Ómarssonar. Svava Rún á systur sem heitir Auður Anna.

Inga Rún var skírð í guðspjónustu í Lindaskóla á páskadag, 11. apríl. Foreldrar Ingu Rúnar eru Þórey Gísladóttir og Kristján Jóhannesson og stóri bróðir heitir Jóhannes.

Rúnar Lee var skírður heima í Blásölum 22 þann 18. apríl. Rúnar Lee er fyrsta barn foreldra sinna, Perlu Óskar Kristjánsdóttur og Gordon Lee Winship.

Brimar Breki var skírður heima í Hásölum 4 þann 20. maí. Foreldrar hans eru Lísía Bjarnadóttir og Halldór Benediktsson. Brimar Breki á stóran bróður sem heitir Aron Breki.

Orri var skírður 7. ágúst í Húsafelli. Foreldrar hans, Elín Haraldsdóttir og Einar Þór Magnússon gengu í það heilaga við sama tilefni. Orri á 10 ára systur sem heitir Rut. Fjölskyldan býr í Haukalind 32

Tómas Orri var skírður heima í Miðsölum 1 þann 29. ágúst. Foreldrar hans eru Hanna Rúna Harðardóttir og Þórir V. Bragason.

Gabriel Logi var skírður í Garðakirkju 7. ágúst. Hann er fyrsta barn foreldra sinna, Rakelar Petreu Finnsdóttur og Brynjar Sverrissonar. Fjölskyldan býr í Lómasölum 10.

Lena Ósk var skírð heima í Blásölum 7 þann 10. október. Foreldrar hennar eru Laufey Ósk Christensen og Jón Smári Sigursteinsson. Systkini Lenu Óskar eru Jón Einar og Sigríður María.

Hrafkatla Arndís var skírð í Áskirkju 17. október. Hún býr í Blásölum 21 ásamt foreldrum sínum, Katrínu Kristínu Hallgrímsdóttur og Bryngeiri G. Guðmundssyni og systkinunum Svanhildi Teklu og Hallgrími Þór.

Ólöf Rut var skírð í heima í Straumsölum 4, þann 30. október. Foreldrar hennar eru Lára Sif Jónsdóttir og Ólafur Pétursson. Jón Smári, heitir stóri bróðir Ólafar Rutar.

Sunna var skírð 6. nóvember heima í Sólarölum 6. Foreldrar hennar eru Margrét Pálsdóttir og Jón Egilsson. Sunna á stóran bróður sem heitir Ernir.

Systurnar Lilja Guðbjörg og Kristjana Lind voru skírðar í Kópavogskirkju 14. nóvember. Foreldrar þeirra eru Katrín Helgadóttir og Haraldur Einar Leifsson. Þau búa í Straumsölum 9.

JÓLASKAPIÐ ER KOMIÐ!

AÐVENTUSTEMNING Á FORELDRAMORNI

Foreldramorgnar í Lindasókn eru haldnir hvern þriðjudag kl. 10-12 í safnaðarheimilinu. Aðsókn hefur verið góð og margt gert skemmtilegt. Þar mæta heimavinnandi foreldrar með lítil börn til að hittast og kynnast. Ýmsir gestir hafa stungið inn nefinu til að ræða um eitt og annað sem lýtur að börnum og barnauppleði en yfirleitt er setið og spjallað, enda er maður manns gaman. Umsjón með morgnunum hafa Harpa Karlsdóttir og Ingibjörg Hlínardóttir.



Nýverið kom góður gestur í heimsókn, **Kristjana Eyþórsdóttir**, sem óhætt er að segja að hafi fært með sér sannkallað jólaskap. Ræddi hún um ýmsar leiðir til að njóta aðventunnar með fjölskyldunni og upplifa boðskap jólna. Útsendari fréttabréfs Lindasóknar var á staðnum og ræddi stuttlega við nokkra viðstadda að loknu erindi Kristjönu um jólaskap og hefðir á adventunni.



Linda Björk Sigurðardóttir og Aþena Sól og Sara Líf Ármannsdætur

Já, við erum allar komnar í jólaskapið. Stelpurnar heillast af öllum fallegu ljósunum sem eru farin að sjást svo víða. Við munum byrja að skreyta um leið og aðventan er gengin í. Við Ármann erum frá

sithvorum staðnum utan af landi og þetta verða önnur jólin sem við höldum saman bara við, fjölskyldan.

Ingibjörg Hlínardóttir og María Rós Gunnarsdóttir

Jólaskapið er nú ekki alveg jafn snemma á ferðinni hjá mér og í fyrra, þegar ég gekk með Mariu Rós. Að vísu skemmdi það svolífið fyrir jólahaldinu í fyrra að við vorum með furutré og lykkin af því fór illa í mig á meðgöngunni. Kristjana gaf ýmsar góðar hugmyndir hér í dag sem ég gæti vel hugsað mér að gera að hefð hjá minni fjölskyldu.



Þórgunnur Jóhannsdóttir og Aron Ingi Gunnarsson

Ég er búin að vera lengi í jólaskapi, eiginlega alveg síðan í júlí, frá því Aron Ingi fæddist. Ég naut ekki jólna í fyrra nógu vel því meðgangan var frekar erfið.

Jólin eru mikilvægur og stór þáttur í mínu lífi, en draumurinn er að við getum búið til okkar hefðir og okkar jól, litla fjölskyldan, en við verðum hjá tengdaforeldrum mínum um jólin.



NÝTT ALFA NÁMSKEIÐ Í JANÚAR

Kynningarfundur verður haldinn miðvikudaginn 12. janúar kl. 20:00 í Leikskólanum Fífusölum (beint á móti Heilsugæslustöðinni).

Námskeiðið hefst formlega á sama stað miðvikudaginn 19. janúar kl. 19:00.

Námskeiðsgjald 5000 krónur, matur innifalinn.

Auk þess verður farið í stutta ferð 19.-20. febrúar. Ferðin kostar 3500 kr. með rútu, gistingu og mat.

Kennarar eru sr. Guðmundur Karl Brynjarsson, sóknarprestur og Marteinn Steinar Jónsson, sálfræðingur. Nánari upplýsingar í síma 544 4477 eða www.lindakirkja.is

